

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 16. maí 1988

**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 71/127/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispepla á vélknúnum ökutækjum****(88/321/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/127/EBE frá 1. mars 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispepla á vélknúnum ökutækjum <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/562/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í ljósi fenginnar reynslu og með hliðsjón af núverandi stöðu tæknimála er nú mögulegt að herða tilteknar kröfur tilskipunar 71/127/EBE til að auka öryggi í umferðinni.

Núverandi kröfur varðandi ökutæki í flokki N<sub>2</sub> sem eru með massa yfir 7,5 tonn og ökutæki í flokki N<sub>1</sub> önnur en dráttartæki fyrir festivagna hafa reynst ófullnægjandi hvað varðar ytra sjónsvið til hliðar og aftur fyrir ökutækið. Til þess að ráða bót á þessum ágöllum er nauðsynlegt að kveða á um uppsetningu aukabaksýnispegils af svonefndri „gleiðhorns“-gerð.Núverandi kröfur varðandi ökutæki í flokki N<sub>2</sub> sem eru með massa yfir 7,5 tonn hafa einnig reynst ófullnægjandi hvað varðar sjónsvið á svæði sem liggur að þeirri hlið stýris-hússins sem er andspænis ökumanni. Til þess að ráða bót á þessum ágöllum er nauðsynlegt að kveða á um uppsetningu baksýnispegils af „nándar“-gerð.<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 68, 22. 3. 1971, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 327, 22. 11. 1986, bls. 49.

Aðferðirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir sem miða að því að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

II. og III. viðauka við tilskipun 71/127/EBE er hér með breytt í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

*2. gr.*

1. Frá 1. janúar 1989 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða baksýnispepla:

— ýmist að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða útgáfu skjalsins sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE <sup>(1)</sup> eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis,

— að banna að ökutæki verði tekin í notkun

ef baksýnispeglar þessarar gerðar ökutækis eða ökutækja samrýmist ákvæðum þessarar tilskipunar;

2. Frá 1. október 1990:

— er aðildarríkjunum óheimilt að gefa út skjalið sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð ökutækis ef baksýnispeglar þess samrýmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

- geta aðildarríkin synjað um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis ef baksýnispeglar þess samrýmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar,
- er aðildarríkjunum heimilt að banna að ökutæki verði tekið í notkun ef baksýnispeglar þess samrýmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1989. Þeim

ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. maí 1988.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

COCKFIELD

*varaforseti.*

## VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við tilskipun 71/127/EBE:

Í lið 2.2.2 í öðrum dálki töflunnar verði önnur línan svohljóðandi: „M<sub>1</sub>, N<sub>1</sub> og N<sub>2</sub>“ í stað „M<sub>1</sub> og N<sub>1</sub>“.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka við tilskipun 71/127/EBE:

1. Liður 2.1.1 verði svohljóðandi:

„2.1.1. Sjónsviðið sem mælt er fyrir um í lið 5 skal nást með lágmarksfjölda lögboðinna baksýnispegla sem sýndur er í eftirfarandi töflu:

Flokkur	Innri baksýnis- speglar  Tegund I	Ytri baksýnispeglar			
		Ytri aðalbaksýnispeglar		Gleiðhorns baksýnis- speglar Tegund IV	Náandar baksýnis- speglar Tegund V
		Tegund II	Tegund III		
M <sub>1</sub>	1 (sjá þó lið 2.1.2)	— (sjá þó lið 2.1.2.3)	1 á þeirri hlið sem er gegnt akstursátt (sjá þó lið 2.2.1)	—	—
M <sub>2</sub>	—	2 (1 til vinstri og 1 til hægri)	—	— (sjá þó lið 2.2.4)	— (sjá þó liði 2.2.2 og 3.7)
M <sub>3</sub>	—	2 (1 til vinstri og 1 til hægri)	—	— (sjá þó lið 2.2.4)	— (sjá þó liði 2.2.2 og 3.7)
N <sub>1</sub>	1 (sjá þó lið lið 2.1.2)	— (sjá þó lið þó lið 2.1.2.3)	1 á þeirri hlið sem er gegnt akstursátt (sjá þó lið 2.2.1)	— sjá þó lið 2.2.4)	—
N <sub>2</sub> ≤ 7,5 tonn	— (sjá þó lið 2.2.3)	2 (1 til vinstri og 1 til hægri)	— (sjá þó lið 2.1.3)	— (sjá þó lið 2.1.4)	— (sjá þó liði 2.2.2 og 3.7)
N <sub>2</sub> > 7,5 tonn	— (sjá þó lið 2.2.3)	2 (1 til vinstri og 1 til hægri)	— (sjá þó lið 2.1.3)	1	— (sjá þó lið 3.7)
N <sub>3</sub>	— (sjá þó lið 2.2.3)	2 (1 til vinstri og 1 til hægri)	— (sjá þó lið 2.1.3)	1	1 (sjá þó lið 3.7)

2. Fyrsta lína liðar 2.1.3 verði svohljóðandi:

„Fyrir ökutæki í flokki N<sub>2</sub> og N<sub>3</sub>“ í stað „Fyrir ökutæki í flokki N<sub>3</sub>“.

3. Eftirfarandi nýr liður 2.1.4 bætist við á eftir lið 2.1.3:

„2.1.4. Baksýnispegill af tegund IV er lögboðinn á öllum ökutækjum í flokki N<sub>2</sub> sem eru með hámarks massa undir 7,5 tonn ef lögboðinn baksýnispegill af tegund II á sömu hlið er ekki kúptur.“

4. Liður 2.2.2 verði svohljóðandi:

„2.2.2. Ytri baksýnispegill af tegund V er leyfilegur fyrir ökutæki í flokki N<sub>2</sub> sem eru með hámarks massa undir 7,5 tonn og fyrir ökutæki í flokki M<sub>2</sub> og M<sub>3</sub>“.

5. Liður 2.2.4 verði svohljóðandi:

„2.2.4. Ytri baksýnispegill af tegund IV er leyfilegur fyrir ökutæki í flokki N<sub>2</sub> sem eru með hámarks massa undir 7,5 tonn og fyrir ökutæki í flokki M<sub>2</sub> og M<sub>3</sub>“.

6. Önnur lína liðar 5.5.1 verði svohljóðandi:

„(þegar um er að ræða ökutæki sem aka á vinstri akrein)“ í stað „(þegar um er að ræða ökutæki sem aka á hægri akrein)“.

7. Þriðja lína liðar 5.5.1 verði svohljóðandi:

„(þegar um er að ræða ökutæki sem aka á hægri akrein)“ í stað „(þegar um er að ræða ökutæki sem aka á vinstri akrein)“.